# Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

# Félagsmiðstöð í Spönginni



Eignarhald
**Reykjavíkurborg**
Notandi
**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar**
**Hjúkrunarheimilið Eir**
**Grafarvogssókn**
**Korpúlfar**
Arkitekt
**THG arkitektar hf**
Burðarþol, lagnir og loftræsilagnir
**Verkfræðistofan Efla hf**
Lóð
**Landark ehf**

Byggingarnefnd
**Hrólfur Jónsson**
**Ingibjörg Sigurþórsdóttir**
**Björn Erlingsson / Vigfús Þór Árnason**
**Hilmar Guðlaugsson**
**Birna Svavarsdóttir**
Ráðgjafi byggingarnefndar
**Halldór Guðmundsson**
Verkefnastjóri
**Guðmundur Pálmi Kristinsson**

Umsjón
**Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds**
Daglegt eftirlit
**Verkfræðistofan VSÓ Ráðgjöf**

Aðstaða og jarðvinna
Verktaki
**Steinmótun hf**
Uppsteypa og fullnaðarfrágangur
Aðalverktaki
**Sveinbjörn Sigurðsson hf**

***Stærðir***

| | | |
|---|---|---|
| Heildarflatarmál húss: | 1401 | $m^2$ |
| Rúmmál húss: | 5962 | $m^3$ |
| Lóð: | 7800 | $m^2$ |
| Nýtingarhlutfall | 0,18 | |

***Áætlaður kostnaður*** í millj. kr.
á verðlagi í desember 2013

| | |
|---|---|
| 1. Undirbúningur og hönnun | 98 |
| 2. Umsjón og eftirlit | 40 |
| 3. Hús | 465 |
| 4. Lóð | 32 |
| 5. Búnaður | 60 |
| **Samtals** | **695** |
| Styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra | 95 |
| Útlagður kostnaður borgarsjóðs | 600 |

## Starfsemin í húsinu

Í húsinu verður margvísleg starfsemi sem bæta mun þjónustu við eldri borgara í hverfinu, sem og íbúa Eirborga. Grafarvogssókn verður með kirkjusel á neðri hæð og þar verða einnig Korpúlfar, félag eldri borgara í Grafarvogi, með aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf, auk matsals með móttökueldhúsi. Margir fjölnotasalir eru í húsinu sem nýtast til ýmissar menningar- og félagsstarfsemi. Einnig er aðstaða fyrir fótsnyrtingu og hárgreiðslu í húsinu. Fjölnotasalirnir snúa allir í suður með stórum gluggum sem vísa út að fallegu garðsvæði. Felliveggir eru milli sala og hægt að sameina þá í eitt stórt svæði fyrir stærri viðburði.
Á efri hæð er dagdeild fyrir heilabilaða og skrifstofa félagslegrar heimaþjónustu Reykjavíkurborgar.

## Lýsing á húsnæðinu

Húsið er að hluta til á tveimur hæðum og tengt með þjónustugangi við íbúðir Eirborgar.

Útveggir eru steyptir og ýmist klæddir flísum eða misþykkum lerki borðum, sem skapa skemmtilegt skuggaspil á húsinu. Gluggar á flísalagða fletinum sitja í sama plani og flísarnar, en í timburhutanum sitja þær innar í vegnum og auka þannig á skuggamyndun flatarins.



*Tengigangur milli Eirborgar og félagsmiðstöðvar*

Tengigangurinn við Eirborgir er úr gleri og flýtur yfir göngustíginn sem manngengt er undir.



*Útsýni til Esjunnar úr tengiganginum*

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er mjög gott í húsinu og lyfta milli hæða. Anddyrið tekur á móti gestum hússins fyrir miðju byggingarinnar. Það teygir sig inn í húsið og opnar fyrir sýnileika á starfsemi hússins þegar inn er komið.



*Húsið er klætt flísum og lerkiklæðningu (við anddyri hússins)*

Að innanverðu er húsið sérstaklega bjart og aðlaðandi. Veggir ljósmálaðir, linoleumdúkur á gólfum og innréttingar úr ljósri eik.



*Innréttingar eru úr ljósri eik*

Góð tengsl eru milli húss og lóðar og útgengt úr fjölnotarýmum út í garðinn sunnan megin við húsið.



*Góð tenging við skjólsælan suðurgarð hússins*

Bílastæði og aðkoma eru norðanverðu við hús.



*Norðurhlið húss*



*Suðurhlið húss*

## Ákvörðun borgarráðs

Á fundi borgarráðs 16. júní 2011 var samþykkt tillaga borgarstjóra að fela sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs að hefja vinnu við hönnun hússins og skipa byggingarnefnd sem verði til samráðs um stærð byggingarinnar og útfærslur. Byggingarnefnd var skipuð fulltrúum frá Framkvæmda- og eignasviði, Velferðarsviði, Korpúlfum, hjúkrunarheimilinu Eir og Grafarvogskirkju. Gert var ráð fyrir að byggingin myndi hýsa félagsstarf Korpúlfa, starfsemi kirkjunnar og Eirar. Frumáætlun gerði ráð fyrir 1300 – 1500 fermetra byggingu.

## Hönnun og framkvæmdir

THG arkitektar eru aðalhönnuðir hússins, verkfræðistofan Efla sá um burðarþols- og lagnahönnun og um lóðarhönnun sá Landark.



*Grafið fyrir grunni húss*

Aðstaða og jarðvinna var boðin út í júní 2012 og hófust framkvæmdir í júlí 2012.



*Sökklar og botnplata*

Uppsteypa og fullnaðarfrágangur var boðið út í september 2012 og hófust framkvæmdir í október 2012.



*Uppsteypu lokið*



*Unnið við tréverk inni*

Framkvæmdum við hús og lóð var lokið í maí 2014.

Byggingarstjóri
**Sveinbjörn Sigurðsson**
Verkstjórar
**Birgir Vigfússon**
**Haukur Þór Haraldsson**

Undirverktakar
Jarðvinna
**Grjót og grafa**
Uppsteypa
**Meistarasmíð**
Járnabinding
**Kraftbinding**
Pípulagnir
**Alhliða pípulagnir**
Raflagnir
**Straumvirki**
**Sigurður R. Árnason**
Loftræsilagnir
**Blikksmiðurinn**
Stálsmíði
**Stál og suða**
**Skark**
Þakfrágangur
**Þakpappaþjónustan ehf**
Tréverk innanhúss
**Grímsstaðir**
Málun
**Málningarþjónusta Hannesar og Valgeirs**
Dúkalagnir
**Vilhjálmur Þorgeirsson**
Lóð
**SS verk**
**Ingólfur Valdimarsson**

Meistarar

| | |
|---|---|
| Húsasmíði: | **Sveinbjörn Sveinbjörnsson** |
| Múrverk: | **Haukur Michelsen** |
| Pípulagnir: | **Christian Emil Þorkelsson** |
| Raflagnir: | **Sigurður R. Árnason** |

## Líftímakostnaðargreining

**LCC Kostnaðargreining**

Forsendur : Verðlag maí 2014
Notkunartími 60 ár
Vaxtaprósenta 4%

| Greining árskostnaðar | **Árskostnaður í þús.kr.** | **Árskostnaður í krónum á m2** |
|---|---|---|
| Fjárfestingarkostnaður | 32.800 | 23.400 |
| Umsýslukostnaður | 4.700 | 3.400 |
| Rekstrarkostnaður | 17.700 | 12.600 |
| Viðhaldskostnaður | 6.000 | 4.300 |
| **Árskostnaður alls** | **61.200** | **43.700** |

Í tölfuninni er sýndur síðasti útreikningur á grundvelli áætlaðrar raunútkomu á byggingarkostnaði félagsmiðstöðvar í Spönginni. Byggist hann á sundurliðaðri stofnkostnaðaráætlun og upplýsingum um líf- og endingartíma byggingarhluta og byggingarefna. Einnig opinberum upplýsingum um tryggingar, fasteignamat, orkukostnað, vatns- og fráveitugjöld, o.fl. útgjöld.



*Vesturhlið*

## Listaverk í kirkjuseli eftir Leif Breiðfjörð



*Andagift*

Verkið er byggt úr álrömmum sem mynda ramma og hurðar verksins. Rammarnir eru svo fylltir með krossviðsplötum áföstum blindramma sem er aðaluppistaða undirlags verksins. Á þessa fleti verksins er unnið með acryl, speglum og Iridescent royal gold, Iridescent silver og Metalic Aluminium málningu. Verkið er uppbyggt í þremur hlutum þannig að það er hægt að loka aðalverkinu.Venjulega er verkið lokað og við blasir nýtt verk málað á krossvið með acryl málningu. (Old Holland New Masters Classic Acrylics).